

Skólaráð 3. október 2018

Mættir: Karlotta og Ólafur Árni fulltrúar 7. bekkjar, Helga Dögg og Karl fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Elsa og Guðrún Þ. fulltrúar kennara, Guðný fulltrúi starfsfólks, Aðalbjörg og Árni.

Dagskrá:

- Nýtt skólaráð kynnt og starfsáætlun þess fyrir skólaárið 2018 – 2019
- Starfsáætlun Fossvogsskóla 2018-2019
- Önnur mál.

Nýtt Skólaráð kynnt.

Fulltrúar nemenda:

Fulltrúar frá 7. bekk. Karlotta Ómarsdóttir og Ólafur Árni Gizurarson.

Fulltrúar frá 6. bekk. Elísabet Ólafsdóttir og Haraldur Ágúst Brynjarson.

Fulltrúar kennara:

Elsa Herjólfsdóttir Skogland og Guðrún Þorsteinsdóttir.

Fulltrúi starfsfólks:

Guðný Ström Hannesdóttir.

Fulltrúar foreldra:

Karl Óskar Þráinsson.

Helga Dögg Björgvinsdóttir.

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Fannar Helgi Rúnarsson, íþróttastjóri Víkings.

Elísabet og Karlotta verða fyrir áramót og Haraldur og Ólafur Árni eftir áramót. Karl Óskar er í stjórn FFF og er hann tengiliður milli skólaráðs og foreldrafélagsins.

Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri stýrir fundum skólaráðs. Árni Freyr Sigurlaugsson, aðstoðarskólastjóri er ritari ráðsins. Fundargerðir verða settar á heimasíðu skólans.

Skólaráð gerir ráð fyrir því að hittast a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu og verða fundirnir kl. 8:30 að jafnaði einu sinni í mánuði, annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Helstu verkefni ráðsins í vetur verða:

- Að fara yfir og kynna sér skipulag skólastarfs vetrarins.
- Að kynna sér ýmsar áætlanir um skólastarfið svo sem starfsáætlun, rekstraráætlun, skólaþróunaráætlanir o.fl.
- Að fara yfir heimasíðu skólans.
- Að kynna sér ýmis gögn sem lýsa skólastarfinu (s.s. útkomu úr skimunum o.þ.h.).
- Skoða gögn um sem lúta að mati á skólastarfinu og taka þátt í mati á skólanum
- Að svara erindum sem berast ráðinu.

- Annað það sem ráðinu finnst mikilvægt að skoða og upp kann að koma á skólaárinu.

Fundir skólaráðsins skólaárið 2018 – 2019 verða sem hér segir:

- 03. október 1. fundur kl. 11:30
- 14. nóvember kl. 8:30
- 12. desember kl. 8:30
- 09. janúar kl. 8:30
- 13. febrúar kl. 8:30
- 13. mars kl. 8:30
- 10. apríl kl. 8:30
- 8. maí kl. 8:30
- 5. júní (1. miðvikudagur) hádegisverðarfundur

Starfsáætlun 2018-2019.

- Farið var yfir helstu þætti í starfsáætluninni , s.s. stoðþjónustuna, leikjavini, smiðjur, umbótaáætlun, símenntun kennara og eineltisáætlun skólans.
- Rætt var um ýmis verkefni sem skólaráð vann að á liðnu skólaári, s.s. skólahjúkrun, breytingar á stundatöflu, skóladagatalið fyrir núverandi skólaár, breytingu á skóladagatali vegna vorhátíðar og skólaslita og færanlegar kennslustofur.
- Stoðþjónusta. Skólinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun. Rætt var um lestur og mikilvægi lestars og samstarfið um þau mál við heimilin. Lausnateymi tóku til starfa í grunnskólum borgarinnar á síðasta ári. Í lausnateymi skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, félagsráðgjafi, námsráðgjafi, hegðunarráðgjafi á vegum þjónustumiðstöðvar og kennarar. Lausnateymi vinnur með kennurum að lausn mála sem m.a. varða samskipta- og hegðunarvanda nemenda.
- Leikjavinir í 4.-7. bekk taka við af Vinaliðum. Nemendur í 4. - 7. bekk stjórna leikjum í frímínútum. Meginbreyting felst í því að nemendur geta boðið sig fram til að stýra leikjum í stað þess að vera kosnir. Skipulagt leikjastarf í frímínútum á að styðja við félagsfærni nemenda og bæta líðan þeirra í skólanum. Samkvæmt Skólapúlсинum sem er könnun hjá nemendum í 6. og 7. bekk, líður nemendum almennt vel í skólanum.
- Valsvæðin eru nú kallaðar smiðjur og eru fastur liður í stundatöflu eins og valsvæðin hafa verið. Í smiðjum er fyrirhugað að vinna á ákveðnum tímabilum með valsvæði og ákveðnum tímabilum í þemanámi sem fer fram í hringekjuformi. Efnið sem tekið er fyrir er mismundandi. Fyrstu sjö vikur skólaársins hefur verið unnið með jákvæðan skólabrag og áherslur í uppeldisstefnu skólans, Uppeldi til ábyrgðar.
- Upplýsingaflæði til foreldra. Skólinn leggur áherslu á gott upplýsingaflæði milli skóla og heimilis og nú senda allir umjónarkennarar vikulegan póst heim til foreldra um það sem helst er á döfinni í skólastarfinu hverju sinni.
- Rætt var um eineltisáætlun skólans og hvernig skólinn bregst við ef grunur um einelti kemur upp. Spurt var hvort til væri áætlun um samskiptavanda á milli kennara og nemenda. Svo er ekki. Hvatt var til að það yrði gert.

- Skólaráðið samþykkti Starfsáætlun Fossvogsskóla 2018-2019.

Önnur mál.

- Ný heimasíða verður tekin í notkun um mánaðarmótin október nóvember.
- Til tals kom að hafa sérstaka fræðslu fyrir foreldra um Uppeldi til ábyrgðar. Stjórn FFF gæti staðið að því.
- Almenn ánægja er með framkvæmd á skólaslitum og vorhátíð FFF í júní sl.
- Niðurstöður úr foreldrakönnuninni sl. vor gáfu vísbendingar um að námsmarkmið væru ekki nægilega sýnileg foreldrum. Í starfsþróunaráætlun skólans verður unnið með leiðsagnarnám í skólastarfi en hluti af þeirri vinnu felst í að þjálfa nemendur í að vera virkir í markmiðssetningu í náminu.
- 10. október fundar stjórn FFF og skólastjóri með bekkjarfulltrúum.
- Unnið er að því að gera Útland, færanlegu kennslustofurnar, klárar til kennslu. Iðnaðarmenn eru að klára sína vinnu. Vonast er til að Útland verði tilbúið til kennslu fljótlega eftir vetrarleyfi.
- Spurt var um akstur nemenda í sund í Laugardalslaug. Kvartað hefur verið yfir bílstjóra sundrúttunnar. Nýr bílstjóri mun taka við 5. október.